

Sjaldgæfir menn —

DREGIST hefir fyrir mjer að geta um og þakka tvær gjafir, sem mjer hafa verið sendar til stjörnusambandsstöðvar Þeirrar, sem jeg hefi hvatt til að stofnuð yrði. Er hvor gjöfin 100 kr. Annar gefandinn vill ekki láta nafns síns getið, en hinn er merkismaðurinn Hákon Finnsson á Borgum. Á nú þessi stjörnustöðvarhugmynd sparisjóðsbók með 200 krónum.

Það er enginn vafi á því, að hin fyrirhugaða stofnun ætti almennari áhuga skilið. Jeg full yrði það hiklaust, að slík stjörnusambandsstofnun mundi fljótt fá ekki minni þýðingu fyrir velmegun þjóðarinnar en jafnvel nokkuð stór sildarbraðslustöð. —

Tilgangur minn með línum þessum er ekki eingöngu sá, að þakka ofangreindar gjafir, heldur einnig að biðja þá, sem kynnu að vilja styðja að því með peningagjöfum, að þessi hugmynd geti komist í framkvæmd, að senda ekki mjer gjafirnar. Býst jeg við, að áður á löngu líður verði hægt að skýra frá því, hvert senda megi væntanlegar gjafir til stjörnustöðvarinnar. Einhverjum kann nú að virðast sem orðið „væntanlegar“ lýsi fullkimilli bjartsýni í þessu máli, en það er þó engan véginn víst að svo reynist.

Jan. '45

Helgi Pjeturs.

11/6/1. 1.5. '45.